



Efnasamsetning vatns úr holum KR-02 í Kringlu og VN-12B í Vaðnesi í Grímsnesi

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-2003-04




Verknúmer: 8-600-175

EFNASAMSETNING VATNS ÚR HOLUM KR-02 Í KRINGLU OG VN-12B Í VAÐNESI Í GRÍMSNESI

Að beiðni Árna Gunnarssonar verkfræðings, VÁG ehf, tóku starfsmenn Rannsóknasviðs Orkustofnunar sýni af vatni úr heitavatnsholum í Kringlu og Vaðnesi í Grímsnesi þann 30. febrúar 2002. Tilgangur sýnatöku var sá að kanna efnasamsetningu vatns úr holunum, einkum með tilliti til vinnslueiginleika þess. Sýni voru tekin úr holu KR-02 í Kringlu og VB-13B í Vaðnesi. Auk þess var mælt uppleyst súrefni og súlfíð í aðveitu Efraveitu frá holu KR-02. Mælingar fóru fram í dæluhúsum við holurnar. Niðurstöður eru sýndar í töflu 1 og ljósmyndir 1 – 7 sýna holutoppa og sýnatökustaði.

Tafla 1. *Efnasamsetning vatns úr holum í Kringlu og Vaðnesi (mg/l).*

| Staður | KR-02 Holutoppur 2002.01.30 2002-0022 | KR-02 Efri-veita 2002.01.30 2002-0023 | KR-01 Holutoppur 1985.02.18 1985-0107 | VN-13B Holutoppur 2002.01.30 2002-0024 | VN-13B Holutoppur 1994.07.21 1994-0148 |
|------------------------------------|--|--|--|---|---|
| Hiti (°C) | 78 | - | 62.5 | 77 | 77.5 |
| Rennsli (l/s) | 1.5 | - | - | 24 | - |
| Uppleyst súrefni (O_2) | 0 | 0 | 0.025 | 0 | 0.3 |
| Sýrustig (pH/°C) | 9,45 / 22,6 | - | 9,50 / 21,5 | 9,74 / 22,6 | 9,61 / 25,0 |
| Karbónat (CO_2) | 20.8 | - | 23.1 | 12.4 | 9.85 |
| Súlfíð (H_2S) | 2.98 | 2.95 | 1.98 | < 0,03 | < 0.03 |
| Leiðni ($\mu S/cm / 25^\circ C$) | 476 | - | - | 528 | - |
| Kísill (SiO_2) | 84.8 | - | 68 | 80.6 | 80.6 |
| Bór (B) | 0.16 | - | - | 0.15 | 0.15 |
| Natríum (Na) | 88.8 | - | 76.8 | 100.3 | 99.3 |
| Kalíum (K) | 2.08 | - | 1.88 | 1.49 | 1.46 |
| Magnesíum (Mg) | 0.005 | - | 0.015 | 0.003 | 0.001 |
| Kalsíum (Ca) | 5.64 | - | 4.75 | 7.04 | 7.24 |
| Flúoríð (F) | 2.34 | - | 1.95 | 0.92 | 0.85 |
| Klóríð (Cl) | 76.8 | - | 68.5 | 87.7 | 92.4 |
| Súlfat (SO_4) | 53.9 | - | 46.6 | 69.1 | 67.3 |
| Ál (Al) | 0.073 | - | 0.072 | 0.078 | - |
| Mangan (Mn) | < 0,005 | - | - | < 0,005 | - |
| Járn (Fe) | 0.0046 | - | - | 0.004 | - |
| Uppleyst efnri (TDS) | 330 | - | 285 | 365 | 360 |
| δD (‰ SMOW) | -77.4 | - | - | -66.3 | -70.6 |
| $\delta^{18}O$ (‰ SMOW) | -10.86 | - | -10.63 | -9.75 | -9.79 |
| T _{Kalsedón} | 85 | | 72 | 73 | 77 |
| T _{Na/K} | 82 | | 84 | 59 | 58 |



Mynd 1. Kringla. Hús yfir holu KR-02.




Mynd 2. Lok yfir KR-01 utan við KR-02.



Mynd 3. KR-02, holutoppur- sýnataka.



Mynd 4. Efriveita - sýnataka.



Mynd 5. Vaðnes. Hús yfir VN-13B í forgrunni.



Mynd 6. VN-13B - sýnataka.




Mynd 7. VN-13B, dælumótör.

Niðurstöður efnagreininga sýna að vatnið úr holum KR-02 og VN-13B er ágætlega hæft til nýtingar í hitaveitur. Það kemur ekki á óvart enda hefur slík nýting farið fram um nokkurra ára skeið. Þó er rétt að benda á að styrkur súlfíðs (H_2S) er hár í vatni úr holu KR-02 og þarf að taka tillit til þess við efnisval. Súlfíð tærir t.d. eir- og koparlagrnir en eyðir einnig súrefni sem gæti komist inn í dreifikerfið, t.d. um gasskiljur eða miðlunargeyma. Við sýnatöku var mældur styrkur uppleyst súrefnis í vatni og mældist hann 0 mg/l á öllum stöðum. Við sýnatöku úr holu VN13B í júli 1994 mældist styrkur súrefnis hár, en það er talið stafa af lekum krana þar sem sýnið var tekið.

Til að kanna hættu á myndum kalkútfellinga í vatni úr holum í Kringlu og Vaðnesi hefur mettunarstig kalsíts ($CaCO_3$) verið reiknað við mældan hita á holutoppi og einnig við lægri hita þar sem líkt er eftir kólnun í dreifikerfinu. Niðurstöður eru sýndar á mynd 8. Þar er mettunarstig kalsíts sýnt sem lögariþminn af hlutfalli jónamargfeldis (Q) og virknimargfeldis (K). Í stuttu máli er því þannig háttáð að þar sem $\log(Q/K)$ hlutfallið er stærra en 0 þá er vatnið yfirmettað með tilliti til viðkomandi steindar og hún getur þá fallið út og myndað útfellingu. Þegar $\log(Q/K)$ hlutfallið er minna en 0 þá er vatnið undirmettað með tilliti til steindarinnar og hún leysist upp og engin útfelling myndast. Þegar $\log(Q/K)$ hlutfallið er 0 ríkir jafnvægi og steindin hvorki fellur út né leysist upp. Reynslan hér á landi hefur kennt að kalkútfellingar fara ekki að myndast fyrr en vatnið er orðið talsvert yfirmettað og er þá oft miðað við að útfellingar fari ekki að myndast fyrr en $\log(Q/K)$ hlutfallið er orðið hærra en 0,38 eins og sýnt er með punktalínu á mynd 8. Útreikningar sýna því að ekki er búist við kalkútfellingar myndist við nýtingu vatns úr holum KR-2 né VN-13B.

Neðst í töflu 1 er sýndur reiknaður efnahiti fyrir vatn úr holum í Kringlu og Vaðnesi, en það er sá hiti sem reikna má með að ríki í undirliggjandi jarðhitageymi þar sem ríkir jafnvægi milli vatns og bergs. Hér á landi hefur svokallaður kalsedónhitamælir ($T_{kalsedón}$) reynst vel á lághitasvæðum, en alkalihitamælir ($T_{Na/K}$) síður. Í töflu 1 sést að efnahiti í jarðhitakerfinu við

Kringlu reiknast um 85 - 90°C ef miðað er við vattn úr holu KR-02, en það er svipaður hiti og fæst þegar dælt er meiru úr holunni en gert var þegar sýnataka fór fram. Efnahiti ($T_{kalsedón}$) vatns úr holu VN-13B reiknast um 75 – 80°C, sem er svipaður hiti og mælist á holutoppi. Þessir útreikningar sýna því að ekki er búist við að unnt sé að finna heitara vatn sem neinu nemur á þessum tveimur vinnslusvæðum.



Mynd 8. Kalkmettun vatns úr holum KR-01, KR-02 og VN-13b.

Niðurstaða þessarar athugunar er sí að vatnið úr holum KR-02 og VN-13B er ágætlega hæft í almenna heitavatnsnotkun. Rétt er að geta þess að lokum að styrkur flúoríðs (F) í vatni úr holunni í Kringlu er vel yfir þeim mörkum sem gilda fyrir neysluvatn, en hámarksstyrkur flúoríðs í neysluvatni er 1,5 mg/l (<http://www.hollver.is>, reglugerð 536/2002).